Þeir skólahjúkrunarfræðingar sem farið hafa á ADIS kvíðagreiningarnámskeið eiga að geta tekið börn í kvíðagreiningarviðtöl og annað hvort gefið foreldrum/börnum ráðgjöf eða vísað áfram eftir eðli vandamáls.

## Skráning í Ískrá

Í Ískrá er gert ráð fyrir að ADIS kvíðagreiningarviðtölin séu skráð sérstaklega og mun skráningin verða tekin út í ársskýrslu heilsuverndar skólabarna á hverju ári. Því er mikilvægt að viðtölin séu skráð!

- Skráð er í samskiptaformið *(mynd 1)*
    - Tilefnisflokkurinn er ‚Sálræn og félagslegt líðan
    - Hjúkrunarviðfangsefnið getur verið mismunandi en væri oftast **‚Almenn vanlíðan‘**
    - Hjúkrunarmeðferðin er **‚Kvíðagreiningaviðtal (ADIS)‘**

- Í Lýsingu/framvindu samskiptanna skal skrá eftirfarandi:
    - Ástæða viðtals, þ.e. hvaða áhyggjur voru fyrir hendi?
    - Var viðtalið einungis við barnið eða einnig foreldra?
    - Hvaða þætti greiningarviðtalsins var farið í?
    - Hver var fjöldi einkenna í hverjum þætti?
    - Athugasemdir, ef einverjar eru
    - Í hvaða farveg fer málið, verður unnið með vandann heima, í skólanum eða vísað áfram.
    - Athugið – EKKI skrá inn lýsingar af dæmum sem barn eða foreldri greinir frá!




***Mynd 1:*** *ADIS Kvíðagreiningarviðtal er skráð í samskipti þar sem hakað er í hjúkrunarmeðferðina ‚Kvíðagreiningaviðtal (ADIS). Í lýsingu/framvindu skal skrá þætti greiningarviðtals og fjölda þeirra ásamt þeim þáttum sem nefndir eru hér að ofan.*